

# Í leikskóla er gaman!



**SKÓLADEILD**  
**AKUREYRARBÆJAR**

**Pekking | Leikni | Virðing | Vellíðan**



**LEIKSKÓLAR 2010**

# Leikskólinn

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. „Lengi býr að fyrstu gerð“ og í leikskólanum er lagður góður grunnur að allri skólagöngu barnsins. Aðalnámskrá leikskóla og Skólafelags Akureyrar eru stefnumótandi leiðarvísar um upplýsingastörf í leikskólum og byggjast á markmiðslýsingu laga um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að upplæddum og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra. Helstu námssvið leikskóla eru málrækt, hreyfing, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Hver leikskóli gerir eigin skólanámskrá og starfsáætlun.

---

## Yfirstjórn

Skólanefnd Akureyrarbæjar er stjórnarnefnd málaflokksins.

Skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, 1. hæð hefur á hendi yfirstjórn leikskólamála á Akureyri. Skóladeildin er opin frá kl. 8:00-16:00.

Sími 460 1455.

Fax 460 1460.

skoladeild@akureyri.is.

www.skoladeild.akureyri.is.

---

## Rekstur leikskóla Akureyrarbæjar

Á Akureyri eru starfræktir 15 leikskólar, þar af er einn í Hrísey og einn í Grímsey. Af þessum skólum eru 13 reknir af Akureyrarbæ 2 skólar eru einkareknir með styrk frá Akureyrarbæ. Hólmasól er rekin af Hjallastefnunni ehf. og Hlíðaból er rekið af Hvítasunnusöfnunum.

---

## Leikskóladvöl

Sækja þarf um leikskóla á sérstöku umsóknareyðublaði. Hægt er að senda inn rafræna umsókn sem er vistuð á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is), eða á heimasíðu skóladeildar, [www.skoladeild.akureyri.is](http://www.skoladeild.akureyri.is). Einnig er hægt að sækja um skriflega á sérstöku umsóknareyðublaði sem fæst á skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, 1. hæð og bæjarskrifstofum Akureyrar, Þjónustuaudnyri, Geislagötu 9. Mikilvægt er að umsóknin sé nákvæmlega útfyllt.

## Viðmiðunarreglur við innritun

Innritað er í leikskólana eftir kennitölum barna, þannig ganga eldri börn fyrir þeim yngri. Fjöldi barna sem innristast á hverju ári ræðst af fjölda lausra leikskólarýma í hverjum leikskóla. Aðalinnritun í leikskólana fer fram í apríl til maí ár hvert en mismunandi er milli skóla hvenær börnin geta hafið leikskólagöngu. Í aðalinnritun er innritað í öll rými sem losna vegna grunnskólaárgangsins sem hættir ár hvert. Foreldrar sem óska eftir leikskóla fyrir börn sín þurfa að skila inn umsóknum eigi síðar en 31. mars árið sem barnið getur hafið leikskólagöngu. Upphaf skólagöngu barnanna ræðst að mestu leyti af því hvenær grunnskólaárgangur skólans hættir en upphafstími, þ.e. aðlögunartímabil, getur staðið yfir frá maí til september ár hvert.

- Börn eru innrituð í leikskóla eftir kennitölum, þ.e. eftir aldri. Þó má gera undantekningu varðandi systkini til að tryggja yngra barni skólavist í sama skóla og eldra barni. Forsendur eru að eldra systkini eigi eftir a.m.k. 6 mánuði af leikskólagöngu sinni.
- Foreldrar fá tilboð um innritun barns á því ári sem það verður 2ja ára.
- Aðalinnritun í leikskóla fer fram á vorin en börn hefja leikskólagöngu sína oftast að vori eða að hausti.
- Reynt er að mæta óskum foreldra ef þeir óska eftir innritun í ákveðna leikskóla.

Innritun í leikskólana lýkur að hausti og á skólaárinu er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum hjá börnunum. Þó eru ný börn innrituð í stað barna sem hætta á öllum tímum árs. Við innritun fá foreldrar send bréf með upplýsingum um hvenær barn þeirra getur hafið leikskólagöngu sína.

---

## PMT og SMT hjá Akureyrarbæ

Akureyrarbær hefur stofnað þjónustueiningu í PMT-foreldrafærni „parent management training“. PMT er meðferðarúrræði fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika en hefur einnig það markmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika. Jafnframt er SMT-skólafærni, sem byggir á hugmyndafræði PMT-foreldrafærni, innleidd í þá leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar, sem þess óska. SMT-skólafærni miðar að því að fyrirbyggja, koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda og taka á hegðunarvanda.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.pmt.akureyri.is](http://www.pmt.akureyri.is), eða hjá Þuríði Sigurðardóttur verkefnisstjóra á skóladeild, í síma 460 1417.

Þeir skólar sem ekki innleiða SMT-skólafærni velja aðra viðurkennda aðferðafræði við agastjórnun og uppeldi, s.s. uppbyggingarstefnuna eða „jákvæðan aga“.

# Leikskólinn Flúðir v/Þingvallastræti



Sími: 462 6602

Fjöldi barna: 81

Fjöldi deilda: 3

Leikskólastjóri: Sigríður Ósk Jónasdóttir

Netfang: fludir@akureyri.is

Heimasíða: www.fludir.akureyri.is

**Einkunnarorð:** Gleði - Friður - Virðing

**Leikskólinn Flúðir** er staðsettur við Þingvallastræti, ofarlega á Brekkunni. Deildir leikskólans eru þrjár og einnig er við skólann laus kennslustofa sem nýtt er undir starfsmannaaðstöðu. Í Leikskólanum er leikurinn, hið eðlilega tjáningarform barnsins, kjarninn í uppeldisstarfinu. Lögð er áhersla á að dagskipulag leikskólans og búnaður styðji við og örvi leik barnsins. Ein aðferðin við það er að skipuleggja samfelldan tíma til leikja.



Í leikskólanum er lögð áhersla á skriftar-

og lestrarhvetjandi umhverfi. Börnin kynnast bókum, sögum, þulum og ljóðum. Þau læra að hlusta, segja frá og njóta sagnahefðarinnar. Stefnt er að því að börnin hafi góðar fyrirmyndir ásamt því að þau fái tækifæri til lestrar og umræðu og stuðning til þess að öðlast færni við lestur og ritun. Leikskólinn fékk grænánann afhentan árið 2009 og í skólanum er unnið ötullega að umhverfismálum þar sem börnin taka virkan þátt. Leikskólinn vinnur samkvæmt SMT-skólafærni en markmið með henni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Skólinn hóf árið 2007 undirbúning á innleiðslu á SMT-skólafærni og er nú á þriðja ári og því langt kominn í innleiðslu á SMT. Vinaskóli okkar er Lundarskóli og fara elstu börn leikskólans í nokkrar heimsóknir þangað yfir síðasta veturinn sinn í skólanum. Kennarar skólanna hittast reglulega og skipuleggja samstarfið. Í leikskólanum er lögð áhersla á gott foreldrasamstarf. Nokkrum sinnum á ári er foreldrum boðið í sérstakar foreldraheimsóknir en þess utan eru foreldrar ávallt velkomnir í leikskólann.

Allar nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu leikskólans, [www.fludir.akureyri.is](http://www.fludir.akureyri.is).

# Grimseyjarskóli Grimsey

Sími: 467 3138

Fjöldi barna: 3

Fjöldi deilda: 1

Leikskólastjóri: Hulda Signý Gylfadóttir

Netfang: [huldasingny@akureyri.is](mailto:huldasingny@akureyri.is)

---

## Leiðarljós:

**Manngildi;** í Grimseyjarskóla er lögð áhersla á að nemendur og kennarar komi vel fram við alla og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Þá er lögð áhersla á félagsþroska og tengsl nemenda við hvern annan.

**Þekking;** áhersla er á fjölbreyttar kennsluáferðir svo mæta megi þörfum og áhugasviði hvers og eins nemanda eins vel og kostur er. Tenging við umhverfið er mikil.

**Metnaður;** leitast er við að nemendur sýni metnað í öllu starfi sem tengist skólanum hvort sem um er að ræða nám, samskipti, umgengni eða aðra þætti skólastarfsins.

**Grimseyjarskóli** er staðsettur í Múla sem er félagsmiðstöð bæjarins, en það er fjölnota húsnæði. Þar er einnig bókasafn, sjoppa og auk þess er aðstaða fyrir lækni sem kemur einu sinni í mánuði.

Í Grimseyjarskóla eru 5 nemendur í leikskóladeild og 11 nemendur í 1.-8. bekk. Lögð er áhersla á sjálfstæði og einstaklingsmiðaða kennsluhætti, en um leið er unnið að því að nemendur læri að vinna saman á árangursríkan hátt. Í litlum skóla gefst gott tækifæri til að efla félagsvitund og þroska nemenda þar sem 8 árgöngum er kennt í 2 stofum. Lögð er áhersla á félagsfærni og samvinnu. Unnið er á fjölbreyttan hátt með börnin og þeim gefin tækifæri til að þroskast sem einstaklingar um leið og þau læra að vinna með og í sátt við aðra.



## Leikskólinn Holtakot bverholti 3-5



Sími: 462 7081

Fjöldi barna: 34

Fjöldi deilda: 1

Leikskólastjóri: Sigríður Gísladóttir

Netfang: holtakot@akmennt.is

Heimasíða: www.holtakot.akureyri.is

**Einkunnarorð:** Frumkvæði - Sjálfshjálp - Agi - Tillitssemi

**Leikskólinn Holtakot** er staðsettur í Glerárhverfi þar sem stutt er í náttúru á alla vegu. Sérstaða leikskólans byggist á smæð hans. Holtakot var byggður sem einnar deildar leikskóli og er sá eini á Akureyri. Rík áhersla er lögð á persónuleg samskipti starfsmanna, barna og foreldra. Í leikskólanum ríkir mannaússtefna þar sem eiginleikar hvers einstaklings fá notið sín. Þannig hefur skapast andrúmsloft sem virkar hvetjandi og leiðir til gleði og ánægju í leik og starfi.



Hugmyndafræði leikskólans er að barnið öðlist þekkingu og færni í gegnum persónulega reynslu, eigin virkni og áhugavöt. Lögð er áhersla á að þjálfra félagsfærni og gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð við óæskilegri hegðun. Til grundvallar eru kenningar ýmissa fræðimanna sem fjalla um mikilvægi fyrrgreindra þátta fyrir þroska barns og hugmyndafræði SMT-skólafærni.

Í leikskólanum er kennd lífsleikni sem snýr að mannrækt og siðferðilegu gildismati í samfélagi manna og mikilvægi þess að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi. Til grundvallar í kennslunni er unnið með dygðirnar tólf.

Lögð er áhersla á öryggi, hlýju, heimilislegt umhverfi og að styrkja barn til sjálfshjálpar og sjálfstæðis svo það öðlist sterka sjálfmynd og sjálfstraust.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskólans, [www.holtakot.akureyri.is](http://www.holtakot.akureyri.is).

# Hríseyjarskóli - Smábær v/Hólabraut Hrísey

Sími: 466 1782

Fjöldi barna: 14

Fjöldi deilda: 1

Leikskólastjóri: Þórunn Björg Arnórsdóttir

Netfang: [thorunna@akureyri.is](mailto:thorunna@akureyri.is)

Heimasíða: [www.smabaer.akureyri.is](http://www.smabaer.akureyri.is)



**Einkunnarorð:** Manngildi - Þekking - Metnaður

**Hríseyjarskóli** er fámennur skóli með grunnskóladeild og leikskóladeild. Í Hríseyjarskóla er starfað eftir kerfi Olweusar þar sem stefnt er að því að koma í veg fyrir einelti og að efla félagsvitund nemenda. Skólinn hefur þrisvar hlotið Grænfánann sem er alþjóðlegt umhverfismerki, fyrst vorið 2005, síðan 2007, og síðast vorið 2009. Grænfáninn er veittur þeim skólum sem þykja standa sig vel í umhverfisfræðslu.



Hugmyndafræði leikskólans byggir meðal annars á lífsviðhorfi, gildismati, þekkingu og reynslu starfsmanna hans, ásamt kenningum sem settar hafa verið fram af fræðimönnum og rannsóknnum sem gerðar hafa verið á leikskólastarfi.

**Manngildi;** nemendum er kennt að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt því að hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín í skólastarfinu.

**Þekking;** þekking nemenda er aukin og eflid með fjölbreyttum verkefnum og leiðum ásamt því að nemendum er kennt að vera sjálfstæðir í þekkingarleit sinni.

**Metnaður;** skólinn hefur sett sér háleit markmið sem skólasamfélagið leggur sig saman um að ná.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar, [www.smabaer.akureyri.is](http://www.smabaer.akureyri.is).

# Leikskólinn Iðavöllur v/Gránufélagsgötu



Sími: 462 3849

Fjöldi barna: 83

Fjöldi deilda: 4

Leikskólastjóri: Kristlaug Þórhildur Svavarsdóttir

Netfang: idavollur@akureyri.is

Heimasíða: www.idavollur.akureyri.is

**Einkunnarorð:** Þar er leikur að læra

**Leikskólinn Iðavöllur** er staðsettur á Oddeyri, einu elsta hverfi Akureyrar. Oddeyrarskóli er í sama hverfi og er mikið og gott samstarf á milli skólanna.

Deildir skólans eru aldursskiptar, einn árgangur á hverri deild. Starfsfólk skólans leggur áherslu á faglegt uppeldis- og menntastarf sem tekur mið af því að gefa börnum fjölbreytt tækifæri til að læra með því að uppgötva og reyna sjálf í gegnum leik. Daglegt líf á Iðavelli snýst því um leik, athafnir, verkefni og samskipti. Verkefni



snúast oftar en ekki um áhugamál barnanna og leitast er við að horfa á sterku hliðar hvers og eins, bæði barna og kennara. Horft er til aðferðafræði Reggio Emilia við uppbyggingu leikskólastarfsins.

Iðavöllur hefur sett sér heilsustefnu. Eitt af markmiðum hennar er að hafa áhrif til framtíðar um nauðsyn þess að neyta fjölbreyttrar og hollrar fæðu í lífinu.

Helstu markmið skólans eru að öllum líði vel í skólanum, að jákvæð samskipti séu ríkjandi og að hver einstaklingur fái að njóta sín. Iðavöllur hefur verið leiðtogaskóli í foreldrasamstarfi og mikil áhersla er lögð á traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, [www.idavollur.akureyri.is](http://www.idavollur.akureyri.is).

# Leikskólinn Kiðagil

Kiðagili 3

Sími: 462 1761

Fjöldi barna: 100

Fjöldi deilda: 4

Leikskólastjóri: Snjólaug Brjánsdóttir

Netfang: kidagil@akureyri.is

Heimasíða: www.kidagil.akureyri.is



**Einkunnarorð:** Svo vex tréð sem greinin er sveigð

**Leikskólinn Kiðagil** er í Giljahverfi nyrst í Akureyrarbæ. Giljaskóli er á næstu lóð og er markvisst og gott samstarf á milli skólanna tveggja.

Hugmyndafræði leikskólans byggir meðal annars á hugmyndum John Dewey um uppgötvunarnám og kenningum Lev Vygotsky um þroskakosti barnsins, að það læri best í félagslegri samvinnu við aðra.

**Áherslur skólans:** Leikskólinn vinnur að þróunarverkefni 2009-2011

sem ber heitið Leikskólalæsi. Markmið verkefnisins er að veita börnunum markvissa og heildstæða lestrarkennslu frá upphafi skólagöngu þeirra um leið og málskilningur þeirra er dýpkaður og orðaforðinn aukinn.

Agastefna skólans byggir á SMT-skólaferni.

Kiðagil fékk afhentan Grænfánann þann 21. maí 2010.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, [www.kidagil.akureyri.is](http://www.kidagil.akureyri.is).



# Leikskólinn Krógaból

Glerárkirkju

Sími: 462 7060

Fjöldi barna: 108

Fjöldi deilda: 5

Leikskólastjóri: Anna R. Árnadóttir

Netfang: krogabol@akureyri.is

Heimasíða: www.krogabol.akureyri.is

## Námsaðlögun – athvarf – umhyggja – samvinna – táp og fjör – allir með!

**Heilsuleikskólinn Krógaból** er í Síðuhverfi og er staðsettur á neðri hæð Glerárkirkju, stutt frá Síðuskóla og er mjög gott samstarf milli skólanna.

Deildir leikskólans eru 5 og eru einn til tveir árgangar á hverri deild.

Markmið heilsuleikskóla er að stuðla að heilsueflingu innan leikskólans með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Í heilsustefnunni er lögð áhersla á að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar.



Unnið er með kennsluefnið Lífsleikni í leikskóla þar sem lögð er áhersla á að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám leikskólans. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Markmið lífsleiknikennslunnar er að efla siðferðisvitund barna og fullorðinna í þeim tilgangi að verða bæði góð og fróð manneskja.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskólans, [www.krogabol.akureyri.is](http://www.krogabol.akureyri.is).

# Leikskólinn Lundarsel

Hlíðarlundi 4

Sími: 462 5883

Fjöldi barna: 70

Fjöldi deilda: 3

Leikskólastjóri: Björg Sigurvinsdóttir

Netfang: lundarsel@akureyri.is

Heimasíða: [www.lundarsel.akureyri.is](http://www.lundarsel.akureyri.is)

**Einkunnarorð:** Gláðir spekingar

**Leikskólinn Lundarsel** er staðsettur á Efri-Brekkunni, í rótgrónu hverfi við hlíðina á Lundarskóla og eru skólarnir í mjög góðu samstarfi. Lundarsel er yfir 30 ára gamall skóli í sífelldri þróun. Ýmis nýbreytni er í leikskólastarfinu og má þar t.d. nefna vinnu við barnaheimspeki og verkefni um jafnrétti. Börnum er eðlislægt að vera forvitin og rannsakandi og samkvæmt hugmyndafræði barnaheimspekinnar er mikilvægara að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með endanlegum svörum. Heimspekin eflir gagnrýna, skapandi og umhyggjusama hugsun.



Starfsfólk skólans leggur metnað sinn í faglegt, uppeldislegt og gleðiríkt starf. Það skoðar líka starfið með kynjafræðilegum gleraugum, með það að leiðarljósi að allir séu jafnir, strákar og stelpur, kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir. Lífstjani barnsins endurspeglast í leiknum sem er ein mikilvægasta náms- og þroskaleið hvers barns. Leikurinn skipar því stóran sess í öllu starfi leikskólans.

Heilsuefling og heilbrigði er líka ein af áherslum skólans, því mikilvægt er að leikskólanámið fari fram jafnt utan dyra sem innan. Þetta er gert með skipulögðum hreyfistundum, útiveru og vettvangsferðum.

Vinna við að efla sjálfsmynd og sjálfsstjórn barna skipar stóran sess og í þeirri vinnu er unnið með SMT-skólafærni (agastefnu) til að skapa gott andrúmsloft, tryggja öryggi og velferð allra í leikskólanum.

Einkunnarorð Lundarsels, gláðir spekingar, er tilvísun í gleðina sem felst í leiknum, við að leita svara og rannsaka sjálfur - glöð æska er það sem allir vilja!

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, [www.lundarsel.akureyri.is](http://www.lundarsel.akureyri.is).

## Leikskólinn Naustatjörn Hólmatúni 2

Sími: 462 3676

Fjöldi barna: 123

Fjöldi deilda: 5

Leikskólastjóri: Jónína Hauksdóttir

Netfang: [naustatjorn@akureyri.is](mailto:naustatjorn@akureyri.is)

Heimasíða: [www.naustatjorn.akureyri.is](http://www.naustatjorn.akureyri.is)



**Leikskólinn Naustatjörn** er staðsettur í nýjasta hverfi bæjarins, í Naustahverfi. Naustaskóli er við hlið leikskólans og er mikið og gott samstarf á milli skólanna.

Sýn Naustatjarnar er að börn og kennarar noti samfélag sitt, menningu og náttúru til að verða sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar sem virða og lífa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt og hvert annað.



Fimm deildir eru við skólann. Fjórar deildir eru staðsettar við Hólmatún 2 í leikskólabyggingu en fimmta deildin er staðsett við Hólmatún 4, á jarðhæð Naustaskóla. Allar deildir eru með tvo árganga á deild.

Kennarar skólans leggja áherslu á faglegt uppeldis- og menntastarf en hugmyndafræði Naustatjarnar er byggð á kenningum John Dewey, Lev S. Vygotsky og Howard Gardner. Hugmyndir þeirra leggja megináherslu á að börnin fái að kljást við margvísleg verkefni í gegnum leik í samræmi við hugmyndir sínar og að þau læri með því að prófa sig áfram, þ.e. þau læra af eigin reynslu eða eigin virkni og áhuga. Það þarf að hafa í huga að verkefni séu ögrandi og reyni á börnin þannig að þau efli þroska og vitneskju þeirra auk þess sem þau læra í félagslegum samskiptum við aðra. Þjóða verður börnunum upp á fjölbreytt viðfangsefni til að koma til móts við áhuga, þarfir/greindir og getu barnanna. Hlutverk hins fullorðna er að hvetja börnin til að reyna nýja hluti, sjá til þess að umhverfið sé örvandí, öruggt og vel skipulagt. Einnig á hinn fullorðni að nota opnar spurningar og leiða börnin áfram svo þau komist sjálf að niðurstöðu.

Aðal áherslupættir skólans eru náttúra og umhverfi og samfélag og menning. Mikil áhersla er lögð á umhverfismennt við skólann og hefur hann fengið Grænfanann afhentan tvisvar, árin 2007 og 2009.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, [www.naustatjorn.akureyri.is](http://www.naustatjorn.akureyri.is).

# Leikskólinn Pálmholt v/Þingvallastræti

Sími: 462 3941

Fjöldi barna: 59

Fjöldi deilda: 3

Leikskólastjóri: Hugrún Sigmundsdóttir

Netfang: palmholt@akureyri.is

Heimasíða: www.palmholt.akureyri.is



**Einkunnarorð:** Þar er gott að vera sem gleðin býr

**Leikskólinn Pálmholt** er staðsettur ofarlega á Brekkunni. Þetta er fallegt hús í grænu túni og heitir Pálmholt eftir æskuheimili kvenfélags- og framfarakonunnar frú Gunnhildar Ryel sem gaf lóðina fyrir barnaheimili árið 1946. Barnaheimilið var rekið á Pálmholti öll sumur frá 1950-1971 en frá þeim tíma tók Akureyrarbær við rekstrinum og heilsársstarfsemi hófst. Pálmholt er því með elstu leikskólum landsins með afar merka sögu. Deildir skólans eru aldurskiptar, einn til tveir árgangar á hverri deild.



Lögð er mikil áhersla á leikinn því sú reynsla sem barnið öðlast í gegnum leik er vænlegasta námsleiðin. Þetta samræmist kenningum Lev Vygotsky sem sagði að allar athafnir sem barnið upplifir í félagslegu samhengi verði að innri reynslu og kunnáttu. Einnig er framfarastefna John Dewey höfð til hliðsjónar en höfuðáhersla hans var að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Unnið er með alla námsþætti gegnum leik og sköpun og leitast við að virkja sjálfsprottinn áhuga barnanna. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis með það að markmiði að efla sjálfmynd þeirra og sjálfstraust.

Mikil áhersla er lögð á hlýlegan staðblæ leikskólans þar sem persónuleg og uppbyggileg samskipti starfsmanna, nemenda og foreldra eru höfð að leiðarljósi. Fagmenntun er mikil innan skólans og mikil og góð samvinna höfð við foreldra um skólastarfið. Foreldraráð hefur verið virkt frá haustinu 2008 og foreldrafélag í áratugi. Pálmholt á farsæl samskipti við Lundarskóla sem er grunnskólinn í hverfinu.

## Helstu áherslur í starfi skólans eru:

- Lestrarhvetjandi umhverfi og markviss lestrarkennsla 5 ára barna. Tákn með tali er notað og ný tákn lögð inn í vikulega.
- Styrking sjálfsmýndar barna.
- Umhverfismennt og umhverfisvernd. Skólinn hefur unnið ötullega að umhverfismálum og hlaut Grænfánann í júní 2007 og aftur 2009.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, [www.palmholt.akureyri.is](http://www.palmholt.akureyri.is).

## Leikskólinn Síðusel Kjalarsíðu 3

Sími: 462 3034

Fjöldi barna: 65

Fjöldi deilda: 3

Leikskólastjóri: Snjólaug Pálsdóttir

Netfang: [sidusel@akureyri.is](mailto:sidusel@akureyri.is)

Heimasíða: [www.sidusel.akureyri.is](http://www.sidusel.akureyri.is)



**Leikskólinn Síðusel** er staðsettur í Síðuhverfi, stutt frá Glerárkirkju og Síðuskóla sem er okkar vinagrunnskóli.

Síðusel er þriggja deilda leikskóli, með einni deild fyrir yngstu börnin og tvær deildir fyrir 3-6 ára gömlu börn. Starfsmenn leikskólans leggja mikla áherslu á að vera góðar fyrirmyndir barnanna. Framkoma þeirra gagnvart börnunum í leik og starfi skiptir miklu máli. Með góðri framkomu stuðla þeir að styrkari sjálfsmynd barna og trú þeirra á eigin getu.



Unnið er með Lífsleikni í leikskóla og er lífsleiknikennslunni ætlað að lita allt starf leikskólans. Í kennsluefninu Lífsleikni í leikskóla eru teknar saman kenningar ýmissa fræðimanna sem snúa að mannrækt og siðferðilegu gildismati í samfélagi manna. Markmið lífsleiknikennslunnar er að efla siðferðisvitund barna og fullorðinna, í gegnum leik og vinnu með dygðir, í þeim tilgangi að verða bæði góð og fróð manneskja.

Einnig er horft til kenninga John Dewey í uppeldisstarfi leikskólans, en hann lagði mikla áherslu á að barnið lærdi af eigin virkni, reynslu og áhuga. Mikilvægt er að hinir fullorðnu sýni tilfinningum og skoðunum barna fulla virðingu og að við eflum með okkur öllum samkennd.

Agastefna leikskólans byggir á SMT-skólafærni sem vinnur að því að styrkja jákvæða hegðun með markvissum hætti og að skapa gott andrúmsloft í skólum.

Við stjórnun leikskólans er unnið eftir hugmyndafræði altæktrar gæðastjórnunar.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, [www.sidusel.akureyri.is](http://www.sidusel.akureyri.is).

# Leikskólinn Sunnuból Móasíðu 1

Sími: 461 4922

Fjöldi barna: 58

Fjöldi deilda: 3

Leikskólastjóri: Kristín Sigurðardóttir

Netfang: sunnubol@akureyri.is

Heimasíða: www.sunnubol.akureyri.is

**Einkunnarorð:** Virðing - vellíðan - vinsemd

**Leikskólinn Sunnuból** er staðsettur utarlega í Þorpinu í grónu hverfi. Síðuskóli, Síðusel og Krógaból eru í sama hverfi og er gott samstarf á milli þessara skóla.

Í skólanum er unnið eftir hugmyndafræði lífsleikinnar sem byggir á þeirri trú að með því að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi skapist góður grunnur fyrir allt nám. Lögð er áhersla á að skapa gott félagslegt andrúmsloft þar sem börn og starfsfólk fái notið sín í starfi og leik. Leikurinn er þungamiðja alls

starfs í skólanum þar sem börn læra í gegnum leik og þroskast í hópleikjum og hópastarfi. Í skólanum er einnig rík áhersla lögð á hinar daglegu þarfir og að börnin efla með sér sjálfshjálp og sjálfstæði. Sunnuból vinnur eftir agastefnu SMT-skólafærni þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni. Gefinn er gaumur að jákvæðri hegðun barna með markvissum hætti og vinnubrögð starfsfólks samræmd.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskólans, [www.sunnubol.akureyri.is](http://www.sunnubol.akureyri.is).



# Leikskólinn Tröllaborgir Tröllagili 29

Sími: 469 4700

Fjöldi barna: 90

Fjöldi deilda: 4

Leikskólastjóri: Jakobína Áskelsdóttir

Netfang: trollaborgir@akureyri.is

Heimasíða: www.trollaborgir.akureyri.is

**Einkunnarorð:** Hugur - Hjarta - Hönd

**Leikskólinn Tröllaborgir** er staðsettur í Giljahverfi. Tröllaborgir er á tveimur neðstu hæðunum í 9 hæða blokk sem er byggð af Félagsstofnun stúdenta á Akureyri. Akureyrarbær sér um rekstur leikskólans og hefur hann starfað frá 2004.

Allt starf Tröllaborga mótast af gjöldum og hugmyndafræði um lífsleikni. Að vinna með og samþætta „hug, hjarta og hönd“, í allri starfsemi skólans svo jafnvægi verði á milli þekkingar, tilfinninga og framkvæmdar í leik og námi

barna. Í samræmi við þessa sýn leggur skólinn áherslu á lífsleikni og ein af leiðum skólans til að vinna að framgangi lífsleikinnar er að vinna reglulega með dygðir í skólasterfinu, eina á hverri önn. Jógæfingar og slökun eru notaðar með í lífsleiknistarfinu til að liðka og styrkja líkamann ásamt því að efla jafnvægi hans og einbeitingu hugans. Einnig er unnið eftir hugmyndafræði sem nefnist AGN-ið (Aukin gæði náms - skólaþróun í þágu nemenda) með það að markmiði að skapa börnum og starfsmönnum góð skilyrði til náms og þroska.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskólans, [www.trollaborgir.akureyri.is](http://www.trollaborgir.akureyri.is).



# Einkareknir leikskólar með styrk frá Akureyrarbæ

## Leikskólinn Hlíðaból Skarðshlíð 20

Sími: 462 7411

Fjöldi barna: 49

Fjöldi deilda: 2

Leikskólastjóri: Valgerður Hannesdóttir

Netfang: [hliðabol@hliðabol.is](mailto:hliðabol@hliðabol.is)

Heimasíða: [www.hliðabol.is](http://www.hliðabol.is)



**Leikskólinn Hlíðaból** er staðsettur í Glerárhverfi. Skólinn er einkarekinn leikskóli í eigu Hvítasunnukirkjunnar á Akureyri sem rekinn er með styrk frá Akureyrarbæ. Deildirnar eru aldursblandaðar og dvelja um það bil 25 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára á hvorri deild.

Hugmyndafræði leikskólans byggir á kristilegum grunni og er það haft sem útgangspunktur fyrir annað starf. Kristin gildi, svo sem tillitsemi, virðing, umhyggja og sjálfsagi, eru í heiðri höfð og

kristin trú kynnt fyrir börnunum með bænum, sögum, söngvum og myndum. Umhverfismennt og virðing fyrir sköpun Guðs kemur víða við og er kennd m.a. í gegnum skapandi starf og útiskólann.

Útiskóli leikskólans var stofnaður vorið 2009 og þar fá elstu börnin að takast á við skemmtileg og krefjandi verkefni frá miðjum maí fram að sumarlokun. Í útiskólanum er mikil útivera og áhersla lögð á virkni og athafnasemi.

Á Hlíðabóli skipa söngur og tónlist stóran sess í starfinu. Leikskólinn hefur haldið áfram með verkefnið Tónleik og á söngurinn t.d. stóran þátt bæði í söngstundum, kirkjustundum og á árlegum hátíðum fyrir jóli og páska. Þannig er markvisst unnið að því að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna. Börnin á Hlíðabóli eru „Frábærar hetjur“. Frábær er sá sem er til fyrirmyndar og hetja er sá sem gerir sitt besta. Börnin læra hverju þau geta sjálf áorkað undir öruggri handleiðslu hæfra starfsmanna og í skjóli trúarinnar á Guð, skapara sinn. Leikskólinn vinnur eftir agastefnu SMT og hefur haft Grænfánann frá árinu 2006.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskólans, [www.hliðabol.is](http://www.hliðabol.is).



# Leikskólinn Hólmasól v/Helgamagrastræti

Skólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf.



Sími: 461 5363

Fjöldi barna: 148

Fjöldi kjarna: 6

Leikskólastjórar: Alfa Björk Kristinsdóttir og Guðrún Friðjónsdóttir

Netfang: holmasol@hjalli.is

Heimasíða: www.hjalli.is/holmasol

**Einkunnarorð:** Skapandi hugsun - jafnrétti - jákvæðni - gleði - agi

**Leikskólinn Hólmasól** er staðsettur á Neðri-Brekunni og er Brekkuskóli samstarfsgrunnskóli leikskólans.

Í Hólmasól eru sex kjarnar, þrjár stúlnakjarnar og þrjár drengjakjarnar. Yngstu börnin eru á sér kjörnum á neðri hæð leikskólans og þau eldri á fjórum kjörnum á efri hæðinni.

Hugmyndafræði leikskólans byggir á kynjanámsskrá Hjallastefnunnar. Markmið skólans er að sinna þörfum einstaklinga, efla jákvæðni og gleði og er umhverfið einfalt og gegnsætt.



Í Hjallastefnunni er unnið með opinn efnivið þar sem sköpunargáfa barnanna ræður ríkjum. Í skólanum er borin mikil virðing fyrir umhverfinu og er börnunum kenndur jákvæður agi. Markmið kynjaskipts leikskólastarfs er jákvæð kynjablöndun þar sem báðum kynjum er gert kleift að mætast á jafningjagrundvelli þar sem hvorugt kyn þarf að gjalda fyrir kyn sitt. Annars vegar eru kynin styrkt hvort í sínu lagi og hins vegar hittast kynin í sérstökum stundum þar sem fullorðnir tryggja jákvæð samskipti og raunverulegt samstarf.

Allar nánari upplýsingar má finna á fræðsluvef Hjallastefnunnar, [www.hjalli.is/fraedsla/](http://www.hjalli.is/fraedsla/).

# Að byrja í leikskóla

Þegar barn byrjar í leikskóla er gert ráð fyrir að foreldrar dvelji með barni sínu í leikskólanum á meðan það er að aðlagast breytingunum sem fylgja leikskólabyrjun. Á þessu tímabili er lagður hornsteinninn að öryggi barnsins og góðu samstarfi heimilis og skóla. Í leikskólanum er lögð áhersla á þekkingu, leikni, virðingu og vellíðan. Einnig er lögð áhersla á að hvert barn læri að vinna með öðrum, að deila með öðrum, læri samkennd og að taka tillit til annarra.

## Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á faglegri og rekstrarlegri starfsemi hans. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra. Leikskólakennari með deildarstjórn er yfirmaður sinnar deildar og stjórnar deildarstarfinu. Allt starfsfólk leikskólans vinnur að uppeldi og menntun barnanna og hefur virðingu og umhyggju fyrir þeim að leiðarljósi.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu, en þagnarskyldan nær ekki til atvika sem ber að tilkynna samkvæmt barnaverndarlögum.

## Ýmsar upplýsingar

- Leikskólarnir eru opnir frá kl. 7:45-16:15.
- Foreldrar greiða fyrir leikskólagöngu barna sinna samkvæmt gjaldskrá.
- Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og segja þarf upp á sérstöku eyðublaði sem fæst í leikskólanum eða á heimasíðu hans. Uppsögn tekur gildi 1. eða 15. hvers mánaðar.
- Leikskólanum er lokað í ákveðinn tíma á sumrin og öll börn taka fjögurra vikna samfleytt sumarleyfi.
- Skipulagsdagar starfsfólks eru tveir á ári og einn námskeiðsdagur, þá eru leikskólarnir lokaðir allan daginn. Leikskólarnir eru einnig lokaðir fjóra daga á ári eftir hádegi vegna starfsmannafunda.

- 1 Leiskólinn Flúðir
- 2 Leiskólinn Hóltakot
- 3 Leiskólinn Iðavöllur
- 4 Leiskólinn Kíðagil
- 5 Leiskólinn Krógaból
- 6 Leiskólinn Lundarsel
- 7 Leiskólinn Naustatjörn
- 8 Leiskólinn Pálmholt
- 9 Leiskólinn Síðusel
- 10 Leiskólinn Sunnuból
- 11 Leiskólinn Tröllaborgir
- 12 Leiskólinn Hlíðaból
- 13 Leiskólinn Hólmasól

- 14 Leiskólinn Hrísey
- 15 Leiskólinn Grímsey

